

## Vorþing, 18. maí kl. 13.00

Árlegt Vorþing Félags landfræðinga verður haldið í Norræna húsinu, kl. 13.00 – 18.00, föstudaginn 18. maí. Kaffi á fundinum og léttar veitingar eftir þingið verða í boði félagsins, en eftir fundinn verða samantekin ráð um mat og drykk. Dagskrá að þessu sinni er sem hér segir:

- 13.00: Setning vorþings og ávarp formanns
- 13.15: Opnunar erindi  
Tómas Jóhannesson og Oddur Sigurðsson munu halda erindi um viðbrögð jökla við loftslagsbreytingum.
- 14.15: Kynningar félagsmanna á sínum rannsóknum, þema skógrækt og vatnafarsrannsóknir
- 15.30: Kaffi og skráning í starfshópa
- Starfshópur um mótun afstöðu félagsins til stöðu landfræði á öllum skólastigum.
  - Starfshópur um mótun afstöðu félagsins til aðgengis að kortagögnum.
- Starfshópum er ætlað að koma saman ályktun sem notast getur til opinberra samskipta um ofangreind mál.
- 16.00: Kynningar félagsmanna á sínum rannsóknum x3
- 17.00: Vinna starfshópa
- 18.00: Fundi slitið og léttar veitingar



Vorþing FL, kl: 13.00 – 18.00, föstudaginn 18. maí  
Norræna húsinu

*Takið eftirmiddaginn og kvöldið frá!*

## Jöklar á Íslandi og viðbrögð þeirra við loftslagsbreytingum

Tómas Jóhannesson og Oddur Sigurðsson.

Jöklar á Íslandi þekja um 11 þúsund ferkílómetra og geyma ís sem svarar til um 20 ára úrkoma á landið allt. Þeir bregðast við loftslagsbreytingum með mismunandi hætti eftir því hvorrar gerðar þeir eru en flestir jöklar hopa nú hratt vegna hlýnandi veðurfars síðustu áratugina.

Gert er ráð fyrir að veður fari áfram hlýnandi á næstu áratugum og má þá búast við að jöklarnir láti mjög á sjá. Ef svo fer sem horfir munu jöklar hér á landi hverfa að mestu á næstu 100-200 árum. Það mun hafa í för með sér aukið afrennsli frá jökulhuldum svæðum og breyta vatnafari á landinu þannig að afrennsli jökuláa innan ársins verður jafnara og dægursveifla í rennsli vex. Þessar breytingar hafa þegar komið fram að nokkru leyti og kalla á ýmsa aðlögun meðal annars í sambandi við nýtingu vatns í vatnsaflsvirkjunum. Tómas og Oddur mun í erindinu fjalla almennt um jökla á Íslandi og viðbrögð þeirra við þegar orðnum og væntanlegum breytingum í veðurfari.

Tómas er jarðeðlisfræðingur með PhD próf frá University of Washington í Bandaríkjunum. Hann hefur unnið á Veðurstofunni síðan 1995 og starfar við rannsóknir á snjóflóðum, jöklum og veðurfarsbreytingum. Hann hefur tekið þátt í rannsóknum á áhrifum veðurfarsbreytinga á jökla hér á landi síðan 1991.

Oddur lauk fil. kand. prófi frá Háskólanum í Uppsölum í Svíþjóð 1969. Hann hefur starfað hjá Orkustofnun síðan 1971 og stundað jöklarannsóknir á Vatnamælingum Orkustofnunar síðan 1987, einkum mælingar á afkomu jöklanna. Einnig hefur hann tekið saman greinar um sögu jöklabreytinga á landinu og haldið saman gögnum Jöklarannsóknafélags Íslands um árlegar breytingar á jökulspordum og gefið.

---

### Landabréfið 2007

Ritstjórn Landabréfsins kallar eftir greinum og ritgerðum í tímaritið sem áætlað er að komi út haustið 2007. Æskilegt er að greinar berist fyrir 1. júlí 2007. Þær fara þá í yfirlestur og ritrýningu. Ábendingar og tillögur um efnistöð og hugmyndir eru einnig vel þegnar.

Ritstjórn vill einnig benda á möguleikann á að senda inn bóka gagnrýni eða aðra rýni sem á erindi til landfræðinga.

Ritstjóri Landabréfsins er Karl Benediktsson: [kben@hi.is](mailto:kben@hi.is)



## Ný heimasíða félags landfræðinga - [www.lbh.is/land](http://www.lbh.is/land) -

Heimasíða félags landfræðinga hefur nú fengið verið flutt á nýtt vefsetur og fengið nýtt yfirlit. Í megin dráttum er efnið á síðunni það sama og var á þeirri gömlu en þó með nokkrum uppfærslum. Helstu uppfærslur eru á félagalista, lögum félagsins, stjórnarmedlimum og síðast en ekki síst nýtt útlit.

Helsta viðbótin við eldra efni síða sem inniheldur sögu félagsins. Þar er rakinn saga félagsins og helstu störf félagsmanna frá upphafi til dagsins í dag. Sögu félagsins hefur formaðurinn tekið saman og þiggur hann allar ábendingar sem félagsmenn hafa fram að færa (tölvupóstfang formanns er: [edward@unak.is](mailto:edward@unak.is)).

Það er von stjórnar félagsins að síðan eigi eftir að verða félagsmönnum sem og öðrum upplýsingaveita um landfræðinga, störf þeirra og nám.

**Félag Landfræðinga**

**Velkomin**

Velkominn á heimasíðu félags landfræðinga.

Þessari síðu er ætlað að vera til upplýsingar um félagið og starfsemi þess.

Í félaginu eru 240 félagar og snýst starfsemi félagsins um fjóra meginviðburði á hverju ári. Hvert starfsár, sem miðast við almanaksár, hefst með aðalfundi þar sem störf síðasta árs eru lögð í dóm félagsmanna og stjórn kjörin. Næst stendur félagið fyrir viðamikilli fagráðstefnu á vordögum. Á vorráðstefnu félags landfræðinga hafa félagsmenn sem og aðrir tækifæri til að kynna sína vinnu og rannsóknir. Að hausti hefst starfsemin eftir sumarfrí með nýnema kynningu við HÍ, þar sem stúdentum er kynnt félagið og störf þess. Fyrir jól er svo haustfundur félags landfræðinga en þar er eitt til tvö framsöguerindi um rannsóknir eða verkefni sem stjórn telur eiga sérstakt erindi til félagsmanna á hverjum tíma. Utan þessara fjögurra meginstoða starfsins er „hvalrekum“ tekið fagnandi og oft boðaðir fundir með stuttum fyrirvara um málefni efst á baugi eða ef merkt fræðifólk berst til landsins.

Sérstök athygli er vakin á Landabréfinu sem er ritrýnt fagttímarit félags landfræðinga - undir þeim tengli má finna eldri útgáfur af landabréfinu, efnisyfirlit nýrri bréfa sem og leiðbeiningar fyrir höfunda.

Email to AIG board:  
Fl-s@hi.is

Félag landfræðinga  
Pósthólf 5391  
125 Reykjavík

[Upphafssíða](#) | [Um landfræði](#) | [Stjóm](#) | [Lög](#) | [Landabréfið](#) | [Félagatal](#) | [Tenglar](#) | [About Us](#)

Rétt er að taka fram að síðan er en þá í fullri vinnslu og ábendingar og athugasemdir eru mjög vel þegnar.

**Slóð síðunnar er [www.lbh.is/land](http://www.lbh.is/land)**

Ritari og vefstjóri  
Bjarki Þór Kjartansson  
[Bjarki.kjartansson@nateko.lu.se](mailto:Bjarki.kjartansson@nateko.lu.se)

## Bréf sent vegna breytinga á innra skipulagi Háskóla Íslands



FÉLAG LANDFRÆÐINGA

Akureyri, 4. apríl 2007

Til:     Rektors Háskóla Íslands  
          Deildarráðs raunvísindadeildar  
          Próf. Ólafs Harðarsonar, formann starfshóps rektors

### **Efni: STAÐA LANDFRÆÐI INNAN HÁSKÓLA ÍSLANDS**

Félag landfræðinga vill koma á framfæri skoðunum félagsmanna á fyrirhugðum breytingum á innra skipulagi Háskóla Íslands. Er vilji félagsins að styrkur og sérstaða landfræði sé tryggð á þessum breytingartímum.

Sérstaða landfræði er að hún þættir saman hug-, félags- og raunvísindagreinar, með áherslu á samspil samfélags og náttúru. Styrkur hennar felst í breiðri sýn á málefni umhverfisins, með orðfæri og aðferðum hug-, félags- og raunvísinda jöfnum höndum. Mikilvægi þverfaglegrar nálgunar kemur æ greinilegar í ljós og sést til að mynda í uppbyggingu framhaldsnáms við skólann, sérstaklega meistaranáms í umhverfisfræðum. Utan fræðasamfélagsins hefur styrkur landfræðinnar komið í ljós við mat á umhverfisáhrifum, en þar hefur verið vaxandi starfsvettvangur landfræðinga. Landfræðin hefur þannig tók á að skilja tengsl ólíkra breytingarferla og hvernig þeir tvinnast saman við myndum og mótun umhverfis okkar.

Félag landfræðinga bindur því miklar vonir við framtíðarstöðu landfræði og væntir þess að hún verði í einni skor innan nýs öflugra raunvísinda og verkfræðiskóla Háskóla Íslands.

Virðingarfyllt

f.h. félags landfræðinga

---

Dr. Edward H. Huijbens  
Formaður